

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum,  
nr. 19/1997 (opinberar sóttvarnaráðstafanir o.fl.).

Frá velferðarnefnd.

1. Við 1. gr.
  - a. 3. tölul. orðist svo: *Farsótt*: Smitandi sjúkdómur, innan samfélags eða landsvæðis, sem er nýr eða í tíðni sem er umfram það sem skýra má með því að um tilviljun sé að ræða.
  - b. Í stað orðsins „læknisskoðun“ í 5. og 6. tölul. komi: heilbrigðisskoðun.
  - c. Í stað orðanna „halda sýklum á líkama manna eða dýra í skefjum eða eyða þeim“ í 11. tölul. komi: óvirkja eða drepa flestar örverur, hvort sem það er gert.
  - d. Á undan orðunum „yfirborð flata“ í 11. tölul. komi: húð.
  - e. 13. tölul. orðist svo: *Sóttvarnahús*: Staður þar sem einstaklingur, sem ekki á sama stað á Íslandi eða getur af öðrum sökum ekki eða vill ekki einangra sig í húsnaði á eigin vegum, getur verið í sóttkví eða einangrun vegna gruns um að hann sé smitaður af farsótt eða ef staðfest er að svo sé.
  - f. Í stað orðanna „sjúkdóm sem getur borist til annarra“ í 14. tölul. komi: smitsjúkdóm.
2. Við 4. gr.
  - a. Í stað orðsins „læknisskoðun“ í 10. tölul. í a-lið komi: heilbrigðisskoðun.
  - b. Við a-lið bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Að opna sóttvarnahús á vegum stjórnvalda, eftir því sem þörf þykir vegna farsóttar.
3. 5. gr. falli brott.
4. Við 10. gr.
  - a. B-liður orðist svo: Á undan orðunum „eða samkomubanns“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: stöðvunar atvinnurekstrar.
  - b. Við d-lið bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ekki skal stöðva atvinnurekstur nema að því marki sem starfsemin felur í sér hættu á útbreiðslu farsóttar, svo sem vegna fjölda fólks sem þar kemur saman eða návígis þess eða snertingar.
  - c. E-liður orðist svo: Í stað orðanna „hefur í slíkum tilvikum sama rétt til aðgangs að gögnum og til skoðunar og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr.“ í 3. mgr. kemur: eftir atvikum hefja smitrakningu.
5. Við 11. gr.
  - a. Í stað orðsins „læknisskoðun“ í 4. tölul. 2. efnismgr. og 6. efnismgr. komi: heilbrigðisskoðun.
  - b. Í stað orðanna „nærgöngul“ og „hafi orðið fyrir smiti“ í 4. tölul. 2. efnismgr. komi: ífarandi; og: gæti hafa smitast.
  - c. 4. efnismgr. orðist svo:

Ef vísbendingar eru um að lýðheilsa sé í yfirvofandi hættu getur ráðherra enn fremur kveðið á um í reglugerð að ferðamenn skuli undirgangast ráðstafanir sem

- koma í veg fyrir sjúkdóma, aðrar en ónæmisáðgerð, eða varna útbreiðslu þeirra, þ.m.t. einangrun, sóttkví, vöktun og sjúkdómsskimun, svo sem með stroki úr nef- eða munnholi eða annars konar heilbrigðisskoðun sem ekki krefst mikils inngrips.
- d. Í stað orðanna „um að einstaklingur hafi orðið fyrir smiti“ í 5. efnismgr. komi: að einstaklingur hafi smitast.
  - e. Í stað orðsins „Neiti“ og á eftir orðunum „hafi smitast“ í 7. efnismgr., komi: Ef; og: neitar.
6. Við 12. gr.
- a. Í stað orðanna „hafi smitsjúkdóm“ í 1. efnismgr. komi: sé haldinn smitsjúkdómi.
  - b. Í stað orðanna „er hér“ og „hafi smitsjúkdóm“ í 3. efnismgr. komi: skv. 1. og 2. mgr. er; og: sé haldinn smitsjúkdómi.
  - c. Í stað orðsins „læknisskoðun“ í 3. efnismgr. komi: heilbrigðisskoðun.
  - d. Orðin „eftir því sem við getur átt“ í 5. efnismgr. falli brott.
  - e. Í stað orðanna „er á“ í 2. málsl. 8. efnismgr. komi: krefur.
  - f. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra skal, eftir atvikum í samráði við aðra ráðherra í ríkisstjórn, upplýsa Alþingi um sóttvarnaáðgerðir með mánaðarlegri skýrslugjöf enda hafi áðgerð varað lengur en í tvo mánuði.
7. Á eftir orðinu „sóttvarnalæknir“ í 3. efnismgr. 13. gr. komi: eða eftir atvikum löglærður fulltrúi embættis landlæknis.
8. Við 14. gr.
- a. 6. mgr. a-liðar orðist svo:  
Nú telur sóttvarnalæknir ekki þörf á að varnaraðili sæti lengur einangrun, sóttkví eða annarri frelsissviptingu sem staðfest hefur verið í úrskurði að varnaraðili skuli sæta, þótt 15 sólarhringar séu ekki liðnir, og skal varnaraðili þá þegar látinn laus.
  - b. Í stað orðanna „almennum reglum um kæru í einkamálum“ í 2. mgr. b-liðar komi: ákvæðum XXX. kafla laga um meðferð sakamála.
9. Við 15. gr. bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „Læknisskoðun“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: Heilbrigðisskoðun.